

Kópavogi, 19. febrúar 2020.

Ágæti skólastjóri.

Nú eru tæpar þrjár vikur í fyrirlögn samræmdra könnunarprófa og því mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði í huga.

Upplýsingafundir

Það verða haldnir þrír formlegir upplýsingafundir og er sá **fyrsti haldinn eftir hádegi í dag.**

Miðvikudaginn 19. febrúar, kl. 14:30

Mánudaginn 24. febrúar, kl. 14:30

Mánudaginn 2. mars, kl. 14:30

Við hvetjum starfsfólk skóla sem kemur að undirbúningi og fyrirlögn prófanna til að taka þátt í fundunum. Þau sem vilja taka þátt eru beðin um að senda tölvupóst á kynningarmal@mms.is.

Yfirferð bekkjarlista í Skólagátt

Mikilvægt er að tryggja rétta skráningu nemenda og bekkja í [Skólagátt](#). Til dæmis yfirfara skráningu í bekk, nemendur sem eru hættir í skólanum o.fl. Í slíkum tilfellum skal senda tölvupóst á netfangið skolagatt@mms.is. Skólastjórar verða að tryggja að skráningar á kennurum/starfsfólki skóla séu réttar, t.d. eyða aðgangi kennara sem eru hættir störfum.

Skráningar á stuðningsúrræðum og undanþágum

Skrá þarf stuðningsúrræði og undanþágur nemenda í Skólagátt fyrir miðnætti **mánudaginn 25. febrúar**. Ekki þarf að skrá stuðningsúrræði sérstaklega vegna hefðbundins viðbótarpróftíma (30 mín.) þar sem öllum nemendum stendur til boða að nýta slíkt úrræði. Leiðbeiningar varðandi Skólagátt má finna [hér](#). Ef þörf er á frekari aðstoð vegna skráninga í Skólagátt, vinsamlega sendið póst á skolagatt@mms.is.

Veflás verður notaður í könnunarprófunum í mars. Þannig þarf að tryggja að veflás virki í öllum tölvum. Unnt er að nota kynningarprófin til að athuga hvort veflás virki. [Kynningarpróf](#) eru aðgengileg á vef stofnunarinnar. Þau eru í fullri lengd og eru hugsuð fyrir nemendur og foreldra til að skoða og æfa sig á prófakerfinu.

Á vef Menntamálastofnunar má finna [leiðbeiningar um framkvæmd](#) en þar eru meðal annars [viðbragðsáætlun stofnunarinnar](#) og [gátlisti skóla](#). Þetta eru gagnleg skjöl fyrir skólastjórnendur og/eða umsjónaraðila prófanna. Á vefnum eru einnig [bréf](#) til nemenda í 9. bekk og foreldra/forráðamanna þeirra á íslensku, ensku og pólsku.

Hvetjum við ykkur til að hafa samband ef spurningar vakna. Sími Menntamálastofnunar er 514-7500 og netfang prófahópsins er prof@mms.is

Með góðri kveðju,
Guðrún Birna Einarsdóttir, verkefnisstjóri.
Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs.